

Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum Stapa lífeyrissjóðs á ársfundi 2024

Stjórn samþykkti á stjórnarfundum 17. apríl 2024 að leggja breytingartillögur á samþykktum Stapa lífeyrissjóðs fyrir ársfund sjóðsins sem haldinn verður 2. maí 2024. Verði tillögurnar samþykktar á ársfundinum verða þær sendar fjármála- og efnahagsráðuneytinu til staðfestingar. Að fenginni staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins öðlast breytingarnar gildi.

Grein 19.4

Grein 19.4

Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 21 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal leggja til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið, svo kallaðar viðmiðunartekjur, sbr. a) lið gr. 19.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga sem fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2007 sbr. einnig a) lið gr. 19.6. Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða heildartekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Tekjumissir telst mismunur viðmiðunartekna annars vegar og heildartekna eftir að örorka hefur verið metin þar með taldar tekjur af lífeyris- og bótagreiðslum frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundnum tryggingabótum vegna örorkunnar. Viðmiðunartekjur samkvæmt þessari grein eru heildartekjur sjóðfélaga framreiknaðar með vísitölu neysluverðs. Sé þetta fjögurra ára meðaltal sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla er sjóðsstjórn heimilt að leggja til grundvallar meðaltal tekna allt að 8 ár aftur í tímann í samræmi við reglu í a.lið gr. 19.6. Samanburður á tekjum örorkulífeyrisþega við viðmiðunartekjur skal fara fram árlega eða oftár. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað þ.m.t. að heimila aðgang sjóðsins að

Grein 19.4 eftir breytingu

Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 21 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal leggja til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið, svo kallaðar viðmiðunartekjur, sbr. a) lið gr. 19.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga sem fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2007 sbr. einnig a) lið gr. 19.6. Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða heildartekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Tekjumissir telst mismunur viðmiðunartekna annars vegar og heildartekna eftir að örorka hefur verið metin þar með taldar tekjur af lífeyris- og bótagreiðslum frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundnum tryggingabótum vegna örorkunnar. Viðmiðunartekjur samkvæmt þessari grein eru heildartekjur sjóðfélaga framreiknaðar með vísitölu neysluverðs. Sé þetta fjögurra ára meðaltal sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, [náms, barneigna eða atvinnuleysis](#) er sjóðsstjórn heimilt að leggja til grundvallar meðaltal tekna allt að 8 ár aftur í tímann í samræmi við reglu í a.lið gr. 19.6. Samanburður á tekjum örorkulífeyrisþega við viðmiðunartekjur skal fara fram árlega eða oftár. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað þ.m.t. að heimila aðgang sjóðsins að

<p>staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra á hverjum tíma, á rafrænu formi. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar. Veiti sjóðfélagi rangar eða villandi upplýsingar um tekjur sínar þ.m.t. vegna tekna sem ekki hafa verið gefnar upp til ríkisskattstjóra, er heimilt að skerða eða fella niður lífeyri til viðkomandi sjóðfélaga.</p>	<p>staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra á hverjum tíma, á rafrænu formi. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar. Veiti sjóðfélagi rangar eða villandi upplýsingar um tekjur sínar þ.m.t. vegna tekna sem ekki hafa verið gefnar upp til ríkisskattstjóra, er heimilt að skerða eða fella niður lífeyri til viðkomandi sjóðfélaga.</p>
---	---

Grein 19.6 a)

<p>19.6 a) <i>Reglubundnar iðgjaldagreiðslur</i> Hafi iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs og/eða annarra lífeyrissjóða verið reglubundnar skal framreikna með því leggja til grundvallar reiknað meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið til að meta tekjutap vegna ókomins tíma skv.gr. 19.5. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu IV í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald, réttur til jafnar ávinnslu lækkar samhliða eftir 10 ár. Þessar takmarkanir á fjárhæðum vegna framreiknings eiga við um allar tegundir framreiknings skv. grein þessari (liðir a-e).</p>	<p>19.6 a) eftir breytingu <i>Reglubundnar iðgjaldagreiðslur</i> Hafi iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs og/eða annarra lífeyrissjóða verið reglubundnar skal framreikna með því leggja til grundvallar reiknað meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið til að meta tekjutap vegna ókomins tíma skv.gr. 19.5. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, <u>vegna sjúkdómsforfalla, náms, barneigna eða atvinnuleysis</u>, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu IV í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald, réttur til jafnar ávinnslu lækkar samhliða eftir 10 ár. Þessar takmarkanir á fjárhæðum vegna framreiknings eiga við um allar tegundir framreiknings skv. grein þessari (liðir a-e).</p>
---	---

Greinargerð með breytingartillögum

Á vegum réttindanefndar LL hefur starfað vinnuhópur sem er falið að kanna verklag í tengslum við tekjuathuganir lífeyrissjóðanna og gera tillögur að samræmingu þar sem við á. Oft eiga sjóðfélagar réttindi í mörgum sjóðum og þá reynir iðulega á hvernig réttur til örorkulífeyris skiptist milli sjóðanna. Tekjuathuganir eru framkvæmdar á grunni 1. mgr. 15. gr. laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997 „*Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins*“. Í tekjuathugunum er tekjuskerðing af völdum orkutapsins metin með því að bera tekjur sem viðkomandi hafði fyrir orkutap, svokallaðar viðmiðunartekjur, við tekjur eftir orkutap, mismunurinn er svokallað lífeyrisþak örorkulífeyrisþega. Lífeyrisþak hefur bein áhrif á útgreiðslu örorkulífeyris því það skilgreinir hámarkslífeyri sem sjóðir geta greitt út, án þess að tekjur örorkulífeyrisþega verði hærrí eftir orkutap en viðmiðunartekjur árána fyrir orkutap.

Í samþykktum lífeyrissjóðanna eru ýmsir þættir skilgreindir er varða tekjusköðun og byggja þau á grunni 7. mgr. 15. gr. laga 129/1997 sem segir: „Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.“ Aðferðir lífeyrissjóðanna eru að nokkru leyti mismunandi og ástæður þess eru ýmist vegna mismunandi ákvæða í samþykktum, aðgengi að gögnum, sérhæfingu tölvukerfa sem notuð eru og skilgreindum innanhúsferlum. Einn af þeim þáttum sem eru mismunandi milli sjóðanna er hversu mörg ár eru notuð við ákvörðun viðmiðunartekna, margir sjóðir nota fjögur ár en aðrir þrjú ár. Undantekningar eru gerðar í samþykktum flestra sjóðanna ef einhver tiltekin atriði einkenna iðgjaldasögu á þeim þremur eða fjórum árum sem viðmiðunartekjur taka til, og áralið því óhagstætt sjóðfélag, þ.e. gefur lægri viðmiðunartekjur en hefðbundin atvinnusaga gefur tilefni til. Þar sem þetta undantekningarákvæði er orðað á mismunandi hátt hjá sjóðnum og tillit tekið til mismunandi þátta þá fá eru viðmiðunartekjur sjóðfélaga stundum mjög ólíkar á milli sjóðanna.

Áðurnefndur vinnuhópur hefur ekki séð efnisleg rök fyrir því að tillit sé tekið til mismunandi frávikspátta hjá sjóðunum og telur sanngirnismál að tekið sé tillit til sömu þátta hjá sjóðunum. Hópurinn hefur því gert tillögu að samræmingu, borið hana undir aðra aðila í réttindanefnd Landsamtaka lífeyrissjóð og fengið stuðning nefndarinnar. Því er lagt til að undantekningarákvæðið, svokölluð 8 ára regla, verði samræmt á milli sjóðanna, með sanngirnissjónarmið í fyrirrími. Það verði því tekið tillit til eftirfarandi fjögurra þátta sem öll geta haft neikvæð tímabundin áhrif á iðgjaldasögu sjóðfélaga; **sjúkdómsforföll, nám, barneignir og/eða atvinnuleysi**. Ef hið fjögurra ára meðaltal (þriggja hjá sumum sjóðum) endurspeglar ekki venjubundnar greiðslur, m.t.t. ofangreindra fjögurra þátta, verði heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bærust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda.

Gert er ráð fyrir að úrskurðarsjóður rýni hvort umsækjandi sé ekki með neinar tekjur eitt eða fleiri af þeim árum sem almennt eru lögð til grundvallar, eða hvort um er að ræða greiðslur frá atvinnuleysissjóði eða fæðingarorlofssjóði. Ef svo er, þá skoði sjóðurinn hvort undantekningarreglan gefi hærri viðmiðunartekjur og noti hana ef staðfesting fæst á að um hafi verið að ræða sjúkdómsforföll (læknisvottorð), nám (vottorð frá skóla), barneignir (iðgjaldasaga) og/eða atvinnuleysi (iðgjaldasaga). Upplýsingum um að notuð hafi verið 8-ára reglan skal miðlað til annarra sjóða á úrskurðarblaði ásamt rökstuðningi á af hverju það var gert.

Til samræmis við breytingu á grein 19.4 eru nú sömu fjórir þættir, þ.e. **sjúkdómsforföll, nám, barneignir og/eða atvinnuleysi** taldir upp, þeir geta haft áhrif á að 8 ára reglunni sé beitt hvað varðar iðgjald sem lagt er til grundvallar framreikningi sjóðfélaga. Áður var ekki skilgreint hvaða þættir gætu valdið því að

horfa mætti til átta ára reglunnar, einungis að það mætti ef sjóðstjórn teldi rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur.

Í vinnuhópnum voru: Jóna Finndís Jónsdóttir (Stapa lífeyrissjóði) Ásta M. Þórhallsdóttir (Íslenska lífeyrissjóðnum/LTFÍ), Einar Ingimundarson (Stapa lífeyrissjóði), Margrét Kristinsdóttir (Lífeyrissjóði verzlunarmanna), Sara Jóna Stefánsdóttir (GL), Vala Rebekka Þorsteinsdóttir (LSR) og Sólveig Hjaltadóttir (LL).